

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013.

1. gr.

63. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Borgarstjórn kýs eftirtalin ráð til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem mæla fyrir um:

A. Til eins árs:

Sjö borgarfulltrúa í borgarráð og jafnmarga til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. Sjö menn í mannréttinda- og lýðræðisráð og sjö til vara. Formannskjör.
2. Sjö menn í menningar-, íþróttá- og tómstundaráð og sjö til vara. Formannskjör.
3. Sjö menn í skipulags- og samgönguráð og sjö til vara. Formannskjör.
4. Sjö menn í skóla- og frístundaráð og sjö til vara. Formannskjör.
5. Sjö menn í umhverfis- og heilbrigðisráð og sjö til vara. Formannskjör.
6. Sjö menn í velferðarráð og sjö til vara. Formannskjör.

Aðalmenn þeirra ráða sem talin eru upp í B-lið skulu koma úr hópi aðalmanna í borgarstjórn og fyrstu varamanna hvers framboðsaðila. Varamenn skal velja úr hópi aðal- eða varafulltrúa í borgarstjórn.

2. gr.

64. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Til viðbótar við þær nefndir sem borgarstjórn kýs skv. 63. gr. kýs hún eftirtaldar nefndir eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

A. Til eins árs:

1. Fimm menn í stjórn Faxaflóahafna sf. og fimm til vara. Formannskjör.
2. Fimm menn í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og fimm til vara. Formannskjör.

B. Til fjögurra ára:

1. Einn mann í almannavarnanefnd og tvo til vara.
2. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
3. Þrjú menn í endurskoðunarnefnd og þrjú til vara. Formannskjör.
4. Tvo menn í ferlinefnd fatlaðs fólks og tvo til vara. Formannskjör.
5. Tvo menn í fjölmenningsráð og tvo til vara. Formannskjör.
6. Fimm menn í hvert hverfisráð og fimm til vara. Formannskjör.
7. Þrjú menn í innkauparáð og þrjú til vara. Formannskjör.
8. Þrjú menn í ofbeldisvarnarnefnd og þrjú til vara. Formannskjör.
9. Þrjú menn í stjórn Brúar lífeyrissjóðs og þrjú til vara.
10. Tvo menn í öldungaráð og tvo til vara. Formannskjör.

Aðalmenn í nefndum sem taldar eru upp í 4., 5., 7., 8. og 10. tl. B-liðar skulu koma úr hópi aðal- og varamanna í borgarstjórn.

3. gr.

Á brott fellur viðauki 1.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, sbr. samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1052/2015.

4. gr.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 4. september 2018.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. september 2018